



Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. júní 2025

MSS24040172

Tillaga um framhald skólaheimsókna í Ráðhús Reykjavíkur

Á fundi sínum þann 14. júní 2024, samþykkti forsætisnefnd tillögu um útfærslu á aðgerð nr. 20 í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnu um skólaheimsóknir í ráðhús Reykjavíkur. Um tilraunaverkefni var að ræða sem stóð yfir veturinn 2024-2025. Vel hefur tekist til og um 200 ungmenni komu í skólaheimsókn í Ráðhús Reykjavíkur síðastliðinn vetur.

Í ljósi þessa er lagt til að skólaheimsóknir 9. bekinga í grunnskólum Reykjavíkurborgar verði festar í sessi út mars 2026 og óskað eftir að hjálögð tillaga verði samþykkt.

Bent er á að kostnaður við útfærslu verkefnisins rúmast innan fjárheimilda mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Tillaga um framhald skólaheimsókna í Ráðhús Reykjavíkur með greinargerð



Reykjavík



Reykjavík, 11. júní 2025

MSS24040172

TILLAGA

Tillaga um framhald skólaheimsókna í Ráðhús Reykjavíkur

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að tilraunaverkefni um skólaheimsóknir 9. bekkinga í grunnskólum Reykjavíkur verði haldið áfram út mars 2026. Skipulag og undirbúningur verði með sama hætti og áður.

Greinargerð

Á fundi sínum þann 14. júní 2024, samþykkti forsætisnefnd tillögu á útfærslu á aðgerðaáætlun lýðræðisstefnu varðandi skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur. Um var að ræða tilraunaverkefni til sex mánaða. Tillagan hafði áður verið samþykkt í stýrihópi um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Forsætisnefnd samþykkti eftirfarandi útfærslu: *Útfærsla 1 Hvenær: Annan hvern fimmtudag (eða þriðjudag þegar borgarstjórn er ekki) frá september – nóvember og frá janúar - maí eða 8 mánuði yfir veturinn, samtals 16 skipti. Fjöldi: Að hámarki yrði tekið á móti 25/30 nemendum í hvert sinn. Yfir veturinn yrði tekið á móti 400-480 nemendum. Nemendafjöldi í 9.bekk grunnskóla Reykjavíkur er um 1.600 nemendur. Kostnaður: Veitingar fyrir 400-480 nemendur yfir veturinn. Samloka og djús kostar 2.500 kr. á mann. Samtals kostnaður: kr. 1.200.000 Kostnaður vegna útfærslu 1 rúmast innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.*

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hélt utan um tilraunaverkefnið og tók á móti sex skólahópum eða um 200 nemendum í 9.bekk grunnskóla í Reykjavík. Hver heimsókn stóð í ca. þrjár klukkustundir og fól í sér fræðslu í ýmsu formi, skoðunarferð um ráðhús, stutta leiki, hádegismat og samtal við borgarfulltrúa. Áhersla var lögð á að krakkarnir ættu jákvæða upplifun af heimsókn sinni í Ráðhús Reykjavíkur auk þess að kveikja áhuga á verkefnum borgarstjórnar, stjórnmálum og lýðræði. Þá var einnig áhersla á að öll fræðsla væri á forsendum ungmennanna.

Send var út viðhorfsskönnun til kennara í kjölfar heimsóknanna og kom þar fram ánægja með heimsóknirnar, kennarar lýstu einnig ánægju sinni í samtölum við starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Kom fram að krakkarnir hefðu skemmt sér vel og framsetning fræðslu hefði verið mjög viðeigandi miðað við aldurshópinn. Helstu athugasemdir voru að heimsóknin væri helst til löng. Skipuleggjendur deila þeirri skoðun enda voru heimsóknir stytta um ca. hálf tíma seinni part vetrar.



Reykjavík



Þess má geta að vinna við heildstæða aðgerðaáætlun sem byggist á meginmarkmiðum og áherslum lýðræðisstefnunnar stendur yfir.

Kostnaður vegna verkefnisins rúmast innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.